

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2006


Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 87/2004 um olíu- og kílómetragjald.

Skeljungur hf. hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum um olúgjald. Helstu breytingar frumvarpsins lúta að kærueimildum, refsíabyrgð og eftirliti, en auk þess er tímabundin lækkun olúgjalds framlengd um eitt ár.

Skeljungur er hlynntur áframhaldandi lækkun olúgjalds, en rétt þykir að minna á það ósamræmi sem er í gjaldtöku af bensíni og dieselolíu. Olúgjald 41 kr./l. samsvarar 48,50 kr./kg, samanborið við vörugjald af bensíni sem er samtals 42,23 kr./l eða 56,00 kr./kg. Álögur á bensín eru því um 15% hærri en álögur á dieselolíu, að teknu tilliti til eðlisþyngdar og þar með orkuinnihalds. Nauðsynlegt er að taka tillit til þessa við næstu ákvörðun vörugjalds á bensíni, þannig að það verði lækkað til samræmis við olúgjaldið.

Varðandi önnur ákvæði frumvarpsins sem lúta að kærueimildum, refsíabyrgð, eftirliti og öðrum þáttum þá eru ekki gerðar athugasemdir enda er markmið þeirra að auka skilvirkni og styrkja framkvæmd laganna.

Virðingarfyllst,
f.h. Skeljungs hf.


Ólafur Jónsson

